

Formáli formanns ritnefndar

Þegar undirritaður tók við formennsku í Taugalæknafélagi Íslands árið 2001 lá fyrir að eftir níu ár ætti félagið stórafmæli sem viðeigandi væri að minnst veglega, til að mynda með skráningu sögu félagsins. Áður en hægt væri að huga að því verkefni þurfti þó strax að bretta upp ermar þar eð fráfarandi stjórn hafði lofað að halda 33. þing norræna taugalækna (Scandinavian Neurology Congress) á vormánuðum 2002. Þegar vinnu við þingið lauk gafst loks tími til að huga betur að ritun sögu félagsins. Þar reyndist ekki um auðugan garð að gresja því fáar fundargerðir voru til og lítið skipulag á gögnum félagsins. Taugalæknafélag Íslands var stofnað af tveimur eldhugum, þeim Kjartani R. Guðmundssyni og Gunnari Guðmundssyni, en með stofnun félagsins höfðu þeir í huga velferð íslenskra taugasjúklinga, m.a. með því að undirbúa opnun taugalækningadeildar. Undirritaður hafði heyrt ýmsar munnmælasögur um starfsemina á taugalækningadeildinni. Af þeim sökum vaknaði áhugi á því að kanna betur sögu félagsins og ekki síður þróun taugalækninga á Íslandi. Þegar þessi hugmynd var borin fram á félagsfundum reyndist áhugi félagsmanna mikill og var ákveðið að hefjast handa. Fundarmönnum þótti rétt að fá utanaðkomandi aðila til verksins, sem ekki hefði komið við sögu félagsins, en með því móti myndi e.t.v. fást trúverðugri mynd af félaginu. Ákveðið var að ráða sagnfræðinginn Erlu Dóris Halldórsdóttur til verksins.

Margt hefur gerst í sögu taugalækninga á Íslandi og flest af því sem þykir sjálfsagt í dag var fjarlægur draumur forvera okkar. Þegar menn fara utan til náms kynnast þeir viðfangsefnum sínum á nýjan hátt og flytja þekkinguna með sér til Íslands. Skilningur stjórnenda á nauðsynlegum breytingum til að bæta þjónustu getur verið takmarkaður og oft eru einu rökin þau að svona hafi þetta alltaf verið og því ástæðulaust að breyta nokkru. Inn í þessa umræðu spilar svo að sjálfsgöðu baráttan um völd og kapphlaupið um aðstöðu. Segja má að lítið hafi breyst í þeim efnum, en margt hefur áunnist. Þegar Kjartan og Gunnar stofnuðu félagið var myndgreiningu á miðtaugakerfinu vart til

að dreifa. Einföld heilarit höfðu verið gerð á stofu Kjartans og á Kleppsspítala, en engar aðrar taugarannsóknir voru gerðar. Þá fór ekki fram nein endurhæfing sjúklinga með taugasjúkdóma. Hefði eldmóðs þessara frumkvöðla ekki notið við byggju sjúklingar við lakari þjónustu í dag.

Í upphafi var öllum með sérfræðingsviðurkenningu í taugalækningum á Íslandi boðin inn-ganga í Taugalæknafélagið og þeim sem störfuðu við taugasjúkdóma var boðið að vera aukafélagar. Árið 2006 var lögum félagsins breytt. Starfsemi sérgreinafélaga snýst ekki einungis um fræðin og hagsmuni viðkomandi sjúklingahóps, menn verða einnig að verja eigin hagsmuni. Í stað þess að stofna nýtt félag innan Taugalæknafélags Íslands, sem gæta skyldi hagsmuna félagsmanna í rekstri utan sjúkrahúsa, líkt og önnur sérgreinafélög höfðu gert, voru samin ný lög fyrir félagið þar sem tekið var tillit til beggja þátta. Var þetta gert þar sem félagsmenn voru fáir og einnig til að tryggja einingu innan félagsins. Eftir lagabreytinguna urðu félagar og aukafélagar að sækja um aðild að félaginu.

Þegar Ólöf Bjarnadóttir tók við formennsku árið 2007 komst meiri festa á starfsemina. Haldnir voru stjórnarfundir milli félagsfunda þar sem teknar voru sameiginlegar ákvarðanir um rekstur félagsins og skipulagsmál. Öllum meiriháttar ákvörðunum var vísað til félagsfunda. Ritun fundargerða varð markvissari og var ákveðið að bjóða unglæknum sem hyggja á nám í taugalækningum að gerast aukafélagar, en með því móti geta þeir betur fylgst með því sem fram fer í félaginu. Taugalæknafélag Íslands hefur í heiðri ekki aðeins fagleg sjónarmið heldur lætur sig varða öll þau mál sem snerta skjólstæðinga þess. Má nefna baráttuna fyrir því að fá viðeigandi meðferð samþykkt auk þess að hafa skoðun á þeim lögum og reglum sem varða skjólstæðinga okkar. Mikilvægt er að hafa í huga að taugalækningadeild Landspítala varð til fyrir atbeina Taugalæknafélags Íslands en ekki öfugt. Félagið er sjálfstætt og óháð og setur hagsmuni félagsmanna og skjólstæðinga sinna í öndvegi. Með öflugum og skipulögðum starfi

félagsins er framtíð þess björt. Það er von okkar í stjórn Taugalæknafélags Íslands að við lok setu okkar verði starfsemi félagsins áfram öflug svo það geti haldið áfram að dafna. Uppgangur félagsins stendur þó og fellur með þroska, áhuga og aðkomu félagsmanna að starfseminni.

Ritnefnd fannst við hæfi að gera grein fyrir þróun taugalækninga erlendis. Sigurjón B. Stefánsson var því fenginn til að skrifa slíkt ágríp enda áhugamaður um sögu læknisfræðinnar. Færum við honum bestu þakkir fyrir.

Sagnaritun er kostnaðarsamt verk og hefði ekki tekist nema fyrir velvilja nokkurra lyfjafyrirtækja sem sýndu málinu mikinn skilning. Við viljum þakka eftirfarandi aðilum góðan stuðning: Boehringer Ingelheim, Lundbeck, UCB, Sanofi Aventis, Glaxo Smithkline og Eisia. Þá var ákveðið að taka upp félagsgjöld í fyrsta sinn í sögu félagsins til að standa straum af hluta kostnaðarins. Ennfremur færum við Inger Helene Bóasson ljósmyndara sérstakar þakkir, en hún reyndist okkur stoð og stytta við öflun mynda í eigu

Landspítala sem tengjast taugalækningadeildinni. Einnig þökkum við Kristínu Hauksdóttur hjá Ljósmyndasafni Reykjavíkur fyrir aðstoð við söfnun mynda og Jóhanni M. Haukssyni lækni fyrir myndatöku af kollegum. Sérstakar þakkir fyrir veitta aðstoð fá taugalæknarnir Sverrir Bergmann og Ásgeir B. Ellertsson, hjúkrunarfræðingarnir Guðrún Elíasdóttir og Jónína Hafliðadóttir, Eiríka Urbancic skrifstofustjóri taugalækningadeildar og Runólfur Pálsson nýrnalæknir. Þakkir fá einnig þeir sem sátu með mér í ritnefnd verksins. Sérstakar þakkir færum við Erlu Dóris Halldórsdóttur sagnfræðingi fyrir að taka verkefnið að sér. Það er ekki heiglum hent að skrifa um félag með 50 ára sögu og fáar heimildir. Erla hefur unnið óeigingjarnt starf þar sem tími og fjármagn voru takmarkandi þættir. Þessi bók er hins vegar góður grunnur sem mun án efa nýtast okkur um ókomin ár. Að lokum vonast ég til að lesendur hafi gagn og gaman af sögu taugalækninga á Íslandi og að með því að líta yfir farinn veg glæðist áhugi félagsmanna og gagnist félagi okkar í framtíðinni.



Albert Páll Sigurðsson